

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. mars 2023.

Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál. 153. Löggjafarþing 2022-2023. Þingskjal 126 - 126. mál.

Félagsráðgjafafélag Íslands fagnar þingsályktunartillögu um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál þar sem fram koma áform um að skipa starfshóp sem verði falið að móta tillögur um bætt verklag um miðlun upplýsinga um heimilisofbeldismál á milli kerfa. Hópnum sé jafnframt falið að móta tillögur um rýmri lagaheimildir til miðlunar upplýsinga um heimilisofbeldi milli stofnana. Fram kemur í greinargerð með tillögunni að hún hafi áður verið lögð fyrir 150. löggjafarþing (116. mál), 151. löggjafarþing (85. mál) og 152 löggjafarþing (20. mál) og þær almennt verið jákvæðar.

Félagsráðgjafar vinna með einstaklingum, fjölskyldum, hópum og samfélögum sem eru að glíma við sálfélagslegan vanda og vilja gera breytingar á stöðu sinni sér í hag. Félagsráðgjafar búa yfir víðtækri þekkingu og beita fjölbreyttum gagnreyndum aðferðum í vinnu sinni. Nám þeirra er 5 ára háskólanám sem skiptist í þriggja ára grunnnám þar sem þeir öðlast BA gráðu í félagsráðgjöf. Að því loknu tekur við tveggja ára meistaranám þar sem hluti námsins felst í starfsþjálfun utan Háskóla Íslands undir handleiðslu starfsþjálfunarkennara sem hafa fengið sérstaka þjálfun sem slíkir. Félagsráðgjafar geta að loknu námi sótt um löggild starfsréttindi í félagsráðgjöf til Embættis Landlæknis og leyfi til að reka heilbrigðisþjónustu hjá sama embætti.

Menntun félagsráðgjafa er að því leyti sérstök að þar er áhersla lögð á þekkingu á sviði stjórnsýslulaga auk þess sem félagsráðgjafar hafa þjálfun í fjölskylduvinnu og málsstjórn (e. case management). Auk þess eru margir félagsráðgjafar með sérfræðiþekkingu á sviði fjölskyldumeðferðar en rannsóknir sýna að fjölskyldumeðferð samhlíða öðrum meðferðaraðferðum bætir árangur meðferðar og leiðir þannig til sparnaðar til lengri tíma lítið. Styrkleiki félagsráðgjafa felst einnig í þekkingu þeirra á öðrum þjónustukerfum svo sem félagsþjónustu sveitarfélaga. Félagsráðgjafar hafa heildarsýn að leiðarljósi í vinnu sinni með fólki og leita leiða til þess að tengja saman þjónustukerfi og þannig ná fram aukinni skilvirkni í þjónustu með samstarfi og samþættingu þjónustu sem veitt er af ólíkum þjónustukerfum og stofnunum samfélagsins.

Margir félagsráðgjafar hafa sérhæft sig í úrvinnslu áfalla og ofbeldis auk þess sem flestir félagsráðgjafar koma að heimilisofbeldismálum og fara margir þeirra með lögreglu í útköll á heimili vegna slíkra mála. Innan félagsins býr því yfirgripsmikil þekking á þessu sviði og geta félagsráðgjafar lagt mikið af mörkum í þá vinnu sem framundan er, hljóti þingsályktunartillagan brautargengi. Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir og taka þátt í vinnu starfshóps sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann formaður